

SKÝRSLA

*nefndar
um heimasölu afurða
bænda*

Mynd: Áskell Þórisson

INNGANGUR

Skipan nefndarinnar og hlutverk.

Þann 10. febrúar 2004 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd „*til að athuga með hvaða hætti bændur sem stunda ferðaþjónustu, svo og eftir atvikum aðrir bændur, geti selt afurðir sínar beint frá búunum*”. Í skipunarbréfinu kom einnig fram að hafa skyldi „*hliðsjón af reglum sem gilda um slík viðskipti í nágrannalöndunum*”.

Í nefndina voru skipuð:

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir, lögfræðingur í landbúnaðarráðuneytinu, formaður nefndarinnar, Marteinn Njálsson, formaður Félags ferðaþjónustubænda, Baldvin Valgarðsson, fagstjóri á matvælasviði Umhverfisstofnunar, Laufey Haraldsdóttir, dýralæknir og kennari við Hólaskóla og Bjarni Guðmundsson, prófessor, Landbúnaðarháskóla Íslands.

Fundir nefndarinnar voru haldnir á tímabilinu 12. mars 2004 til 13. janúar 2005. Alls voru haldnir 7 fundir í nefndinni auk þess sem formaður nefndarinnar og formaður Félags ferðaþjónustubænda fóru í ferð, á vegum landbúnaðarráðuneytisins til Noregs, til að kanna lagaumhverfi og framkvæmd heimasölu afurða þar. Þessi skýrsla er afrakstur funda nefndarmanna og annarra vinnu og efnisöflunar þeirra.

Skýrslan er þannig upp byggð að í 1. kafla er fjallað um hvað átt er við þegar talað er um heimasölu afurða og tengingu hennar við arfleið þjóðarinnar. Í 2. kafla er farið yfir helstu lög og reglur sem gilda á þessu sviði auk þess sem lagalegt umhverfi þeirra stofnana sem fara með yfirumsjón og eftirlit er sérstaklega skoðað. Að auki er fjallað um leyfisveitingar og þau ákvæði sem gilda við frumframleiðslu, framleiðslu og vinnslu matvæla. Lög og reglur á EES- svæðinu og þar með talin framkvæmd þeirra í Noregi eru viðfangsefni 3. kafla. Í 4. kafla er svo hins vegar fjallað um búvörusamninga milli ríkis og bænda. Sérstaklega er þar fjallað um mjólkursamninginn. Í 5. og síðasta kaflanum er að finna samantekt og tillögur nefndarinnar um framhald verkefnisins.

Þá eru þrjú viðaukar við skýrsluna í 1. viðauka er að finna mikilvægar skilgreiningar tengdar umfjöllunarefninu, í 2. viðauka er listi yfir lög og reglur sem helst eiga við um heimasölu búsafurða og í 3. viðauka er mynd af uppbyggingu ráðuneytanna og eftirlitsstofnana þeirra sem koma að viðfangsefninu.

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	2
Skipan nefndarinnar og hlutverk	2
EFNISYFIRLIT	3
1. KAFLI	4
Viðfangsefnið heimasala afurða	4
2. KAFLI	6
Lög og reglur um frumframleiðslu, framleiðslu og dreifingu matvæla svo og framkvæmd þeirra	6
2.1 Matvælaeftirlit á Íslandi	7
2.2 Starfsleyfi matvælafyrirtækja	8
2.3 Mjólkurframleiðsla	8
2.4 Kjötframleiðsla	9
2.5 Ýmsar afurðir	10
3. KAFLI	11
Lög og reglur í Evrópu þar með talin framkvæmd þeirra í Noregi	11
3.1 Þróun matvælalöggjafar í ESB	11
3.2 Noregur – dæmi um framkvæmd	12
4. KAFLI	14
Framleiðslu- og sölusamningar bænda við ríkið	14
4.1 Sala beint frá búunum	14
4.2 Álit Landsambands kúabænda og formanns framkvæmdanefndar um sölu búvara ..	14
5. KAFLI	15
Samantekt og tillögur	15
5.1 Samantekt	15
5.2 Tillögur nefndarinnar	16
1. VIÐAUKI	18
SKILGREININGAR	18
2. VIÐAUKI	19
YFIRLIT YFIR LÖG OG REGLUR	19
3. VIÐAUKI	20
YFIRLITSMYND	20

1. KAFLI

Viðfangsefnið heimasala afurða.

Með heimasölu afurða er átt við milliliðalaus sölu afurða frá bónda/frumframleiðanda til neytanda.

Heimatilbúna afurðir og hefðir í matargerð eru hluti af menningu hverrar þjóðar og menningartengd ferðaþjónusta er hugtak sem kemur upp í hugann þegar talað er um heimatilbúna afurðir. Allar þjóðir eiga sínar hefðir í matargerð þó hnattvæðing valdi því að matargerð þjóða verði einsleitari og kunnátta í hefðbundinni matargerð minnki. Þessi þróun til alþjóðavæðingar í matargerð hefur þó orðið til þess að aukin eftirspurn er eftir mat með séreinkennum landa og svæða.

Í flestum Evrópulöndum er hægt að kaupa úrval matvæla beint af bændum og oft á tíðum er um að ræða spennandi og framandi (heimatilbúna) afurðir. Sú arfleifð sem matarhefðir og matarmenning er, hefur verið vaxandi hluti af ferðaþjónustunni í Evrópu, Kanada, Bandaríkjunum, Ástralíu og á Nýja Sjálandi. Matur og ferðaþjónusta *matartúrismi* eða *Culinary tourism* eins og það heitir á enskri tungu er vaxandi þáttur innan ferðaþjónustunnar og menn eru sífellt að átta sig betur á því hve þessi hluti af upplifun ferðamannsins á matargerð viðkomandi lands hefur verið vannýttur. Með aukinni eftirspurn eftir hefðbundnum mat í sínu upprunalega umhverfi ættu að skapast tækifæri til að nýta þá þekkingu til vöruþróunar t.d. í ferðaþjónustu og jafnvel í matvælaframleiðslu hérlendis.

Til þessa dags hafa íslenskir bændur ekki verið mjög áberandi hvað varðar sölu á heimaunnum afurðum en áhugi á meðal íslenskra og erlendra ferðamanna og bændanna sjálfra fer mjög vaxandi. Þekking á matreiðslu þessara sértæku afurða er að miklu leyti til staðar þó ekki hafi farið mikið fyrir beinni sölu á þeim.

Hið fjölþætta hlutverk landbúnaðarins felur meðal annars í sér að bændur veita í auknum mæli ýmiss konar þjónustu: gistingu, veitingar og afþreyingu. Ofgnótt matvælaframboðs í hinum vestræna alþjóðavædda heimi hefur meðal hins efnameiri hóps alið af sér eftirspurn eftir matvælum sem eru sérstæð og einkennandi fyrir viðkomandi þjóðland/hérað/sveit. Neytendur eru meðvitaðri en áður um hollustu og heilbrigði matvæla og vilja þekkja innihald þeirra matvæla sem þeir neyta. Aukin krafa er um rekjanleika afurða og einnig aukin eftirspurn eftir því að kaupa vöru sem næst uppruna hennar. Neytendur vilja vita hvernig varan er búin til og af hverjum, hvar og við hvaða aðstæður. Áhrifavaldar þessa eru ekki einungis heilbrigðiskröfur, heldur einnig þættir eins og umhverfissjónarmið og dýravernd.

Bændur hafa áhuga á að nýta sér eigin afurðir í veitingasölu sinni og eftirspurnin eykst. Því virðist ljóst að til staðar er vaxandi markaður sem eðlilegt er að bændur nýti til þess að renna sterkari stoðum undir atvinnurekstur sinn og afkomu. Eins og áður hefur komið fram er viðfangsefnið ekki séríslenskt heldur angi af alþjóðlegri þróun.

Hérlendis eru bændur, sem stunda ferðaþjónustu hvers konar, taldir vera um það bil hálf tanna hundrað. Ekki liggur fyrir hvert umfang veitingasölu þeirra er en ætla má að hún skipti verulegu máli í rekstri þeirra. Á ráðstefnunni *Heimavinnsla og sala afurða* sem haldin var á Hvanneyri vorið 2004 sýndu fulltrúar samtakanna *Lifandi landbúnaður* að úrval heimaunninna matvæla hérlendis er mikið og að áhugi og kunnátta er til staðar hjá bændum til að stunda þessa framleiðslu og nýta sér þá leið til frekari tekjuöflunar.

Þeim sem sátu ráðstefnuna á Hvanneyri gafst tækifæri til að fræðast um aðstæður í Noregi í þessum efnum en þrír Norðmenn heimsóttu Ísland vegna ráðstefnunnar. Fulltrúarnir voru starfsmenn matvælaeftirlitsins í Noregi, landbúnaðar- og matvælaráðuneytis Noregs og *Norsk Gårdsmat* sem eru samtök um sölu á norskum landbúnaðarafurðum. Í Noregi er mikil hefð fyrir sölu á ýmsum afurðum beint frá bónda til neytanda. Þar eru starfræktar sérstakar verslanir á vegum bænda svokallaðar *gårds-butikker* sem auðkenndar eru með merki Norsk-Gårdsmat, sem er vindhani. Nýlega sameinuðust Norsk Gårdsmat og Norsk Bygdeturisme. Í Noregi gilda að mestu sömu reglur um frumframleiðslu, framleiðslu og sölu bænda og annarrar matvælaframleiðslu. Hins vegar er tekið tillit til smæðar eininganna þegar kemur að tíðni eftirlits og aðbúnaðar eins og nánar er fjallað um í kafla 3.2.

Á áðurnefndri ráðstefnu kom fram að heimasala er töluverður tekjugjafi hjá norskum bændum og er gert ráð fyrir að hún muni meira en tvöfaldast á næstu 5-7 árum. Það er athyglisvert að meira en helmingur viðskiptanna er við heimafólk, en erlendir ferðamenn nýta sér þessa þjónustu einnig töluvert.

Bein sala afurða frá bændum til neytanda hérlendis er óþekkt stærð bæði að magni og verðmæti; hverfandi hluti mjólkurframleiðslunnar fer þá leið, óvissa ríkir um magn kjötafurða, þótt grunur leiki á að um nokkurt magn sé að ræða. Talið er að garðávextir, grænmeti og fleiri afurðir úr jurtaríkinu svo og afurðir villtra dýra svo sem lax, silungur, hreindýr og fuglakjöt ýmiss konar, fari í nokkrum mæli þessa viðskiptaleið.

2. KAFLI

Lög og reglur um frumframleiðslu, framleiðslu og dreifingu matvæla svo og framkvæmd þeirra.

Með hliðsjón af vaxandi áhuga á auknum viðskiptum með heimaframleidd matvæli, sem nefndarskipun landbúnaðarráðherra lýsir, er nauðsynlegt að greina hver rammi opinberra laga og reglna er. Eins er mikilvægt að greina hvernig skiptingu matvælaeftirlits er háttað milli ráðuneyta og stofnana.¹

Íslensk stjórnvöld hafa sett reglur um frumframleiðslu, framleiðslu og dreifingu matvæla og varða þær einkum:

- *dýravernd*
- *öryggi og heilbrigði afurða*
- *neytendavernd*
- *viðskiptareglur og skattalega meðferð*
- *sérstaka samninga ríkis og bænda um framleiðslu og sölu afurða.*

Hér er vert að geta þess að í lögum er mismunandi merking lögð í orðið „framleiðsla”. Annars vegar er orðið „framleiðsla” notað í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum á þann hátt sem við kjósum að kalla frumframleiðslu hér. Hins vegar er orðið „framleiðsla” skilgreint í 4. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli þannig að framleiðsla eigi við síðari stig þ.e. meðferð hráefnis, vinnslu, þökkun og matreiðslu. Í nefndinni var sú ákvörðun tekin að skilgreina sérstaklega hugtakið frumframleiðsla og miða orðið „framleiðsla” við skilgreiningu þess í matvælalögnum. Ber því að lesa innihald skýrslunnar með tilliti til þessa. Í þessu samhengi er sérstaklega bent á skilgreiningar í 1. viðauka skýrslunnar.

Hér á eftir er farið yfir helstu lög og reglur sem gilda hér á landi um uppbyggingu stofnana sem fjalla um frumframleiðslu, framleiðslu og dreifingu matvæla beint frá búunum. Í viðauka 2 við skýrsluna er síðan að finna lista yfir helstu lög og reglugerðir sem gilda á þessu sviði. Ísland er aðili að EES- samningnum og er þar af leiðandi skuldbundið til að taka upp gerðir Evrópusambandsins (ESB) um ákveðin atriði er varða framleiðslu og dreifingu á matvælum. Hins vegar er Ísland með undanþágu hvað varðar lifandi dýr, og afurðir þeirra nánar tiltekið frá ákvæðum I. Kafla I. Viðauka við EES- samningin fyrir utan ákvæði er varða fiskeldi og fiskeldisafurðir. Í skýrslunni er litið til ákvæða sem gilda í ESB til samanburðar. Nánar er síðan fjallað um reglur á EES- svæðinu þar með talið framkvæmdina í Noregi í 3. kafla.

¹ Yfirlitsmynd er í viðauka 3.

2.1 Matvælaeftirlit á Íslandi

Í lögum nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands er kveðið á um skiptingu Stjórnarráðsins í ráðuneyti og er að finna nánari útfærslu á starfsviðum ráðuneytanna í reglugerð nr. 3/2004 um Stjórnarráð Íslands. Hérlendis eru þrjú ráðuneyti, þrjár ríkisstofnanir og tíu sjálfstæðar heilbrigðisnefndir sveitarfélaga sem fara með yfirumsjón og eftirlit með frumframleiðslu, framleiðslu og dreifingu matvæla sbr. yfirlitsmynd í viðauka 3. Eftirlit er einnig í höndum faggiltra einkarekinna skoðunarstofa.

Í reglugerð nr. 3/2004 er fjallað nánar um skiptingu mála er varða frumframleiðslu, framleiðslu og dreifingu matvæla á milli ráðuneyta. Um landbúnaðarráðuneytið segir:

*„9. gr. Landbúnaðarráðuneyti fer með mál er varða:
1. Landbúnað og starfsemi tengda landbúnaði.
7. Framleiðslu- og markaðsmál í landbúnaði, inn- og útflutning
landbúnaðar-afurða.“*

Um sjávarútvegsráðuneytið segir:

*„12. gr. Sjávarútvegsráðuneyti fer með mál er varða:
1. Sjávarútveg...
4. Rannsóknir og eftirlit með framleiðslu og innflutningi sjávarafurða.“*

Um umhverfissráðuneytið segir:

*„13. gr. Umhverfissráðuneyti fer með mál er varða:....
5. Matvæli og matvælaeftirlit, sem ekki er lagt til annars ráðuneytis.“*

Í lögum nr. 93/1995 um matvæli er hlutverkaskipting milli ráðuneyta nánar útfærð og þar segir m.a.:

*„5. gr. Umhverfissráðherra, í lögum þessum nefndur ráðherra, fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, að svo miklu leyti sem hún er ekki falin öðrum ráðherrum. Umhverfisstofnun er ráðherra til ráðgjafar.
6. gr. Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála er varða eftirlitsstörf dýralækna. Eftirfarandi svið falla undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra:*

- a. innflutningur og útflutningur búfjárafurða,*
- b. smitsjúkdómar búfjár,*
- c. meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum,*
- d. heilbrigðisskoðun eldisfisks.*

*Yfirdýralæknir er ráðgjafi landbúnaðarráðherra um þessi mál.
7. gr. Sjávarútvegsráðherra fer með yfirstjórn mála er varða meðferð, flutning, geymslu og vinnslu sjávarafurða vegna útflutnings. Fiskistofa er sjávarútvegsráðherra til ráðgjafar um þessi mál.”²*

Í þessari skýrslu verður eingöngu fjallað um frumframleiðslu, framleiðslu og dreifingu matvæla sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið og umhverfissráðuneytið.

² Listi yfir lög og reglugerðir er í viðauka 2 við skýrsluna.

2.2 Starfsleyfi matvælafyrirtækja

Í lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðum settum með stoð í þeim er fjallað um starfsleyfi matvælafyrirtækja. Matvælalöggjöfin setur lágmarksreglur sem gilda um starfsemi matvælafyrirtækja svo tryggja megi gæði, öryggi og hollustu matvæla. Löggjöfinni er ætlað að veita neytendavernd, en á sama tíma skal hún ekki hafa í för með sér tæknilegar viðskiptahindranir. Athygli er vakin á því að krafan um starfsleyfi á einnig við um vatnsveitur sveitarfélaga og þær vatnsveitur sem þjóna matvælafyrirtækjum.

Heilbrigðisnefndir/Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga (HES) undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, veita starfsleyfi og fara með eftirlit með því að ákvæðum þeirra reglugerða, sem tilgreina eftirlitshlutverk HES, sé framfylgt nema annað sé ákveðið í lögum eða reglugerðum. Við gerð starfsleyfa þarf HES ákveðnar grunnupplýsingar frá umsækjanda, s.s. um tegund og umfang starfseminnar og lýsingu á staðhættum, en jafnframt fer heilbrigðisfulltrúi í vettvangsskoðun. Í matvælaogreglugerð nr. 522/1994 eru skilgreindar kröfur til aðbúnaðar og húsakynna í matvælafyrirtækjum. Ljóst er að ábyrgð þeirra sem starfrækja matvælafyrirtæki er mikil og er hlutverk opinberra eftirlitsaðila að veita þeim aðhald með reglubundnu eftirliti.

2.3 Mjólkurframleiðsla

Um mjólkurframleiðslu gilda ákvæði laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, laga nr. 93/1995 um matvæli, laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Ákvæði um mjólkurframleiðslu er einnig að finna í reglugerðum settum með stoð í þessum lögum.

Til framleiðslu mjólkur og kjötafurða þarf leyfi sbr. ákvæði 13. gr. reglugerðar nr. 438/2002 um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra. Að auki er í gildi sérstakur samningur milli ríkis og bænda sem fjallar um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu en hann er gerður á grundvelli 30. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Kúabændur fá greiddar beingreiðslur fyrir þann hluta af framleiðslunni, sem þeir hafa framleiðslurétt fyrir, að því tilskyldu að þeir uppfylli ákvæði reglugerðar um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beingreiðslur til bænda á yfirstandandi verðlagsári.

Hér á landi hefur gilt bann við sölu á ógerilsneyddri mjólk allt frá því upp úr 1950 m.a. í kjölfar salmonellusýkingar sem rakin var til sölu á ógerilsneyddri mjólk. Ákvæði um bann við sölu á mjólk eða mjólkurvörum unnum úr ógerilsneyddri mjólk eru í reglugerð nr. 919/2002 um mjólk og mjólkurvörur. Í 16. gr. reglugerðarinnar segir að mjólk sem dreift er til neytenda skuli vera gerilsneydd.

Í nefndinni urðu miklar umræður um sölu á ógerilsneyddri mjólk og afurðum unnum úr henni og hvort möguleikar væru á því að slaka á þeirri kröfu í samræmi við framkvæmd í öðrum löndum. Hér ber þó að geta þess að sala á broddi er heimiluð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum skv. 21. gr. reglugerðar nr. 919/2002 um mjólk og mjólkurvörur.

Í ESB er í gildi tilskipun nr. 92/46/EEC um heilbrigðisreglur fyrir framleiðslu og markaðsetningu hrámjólkur, hitameðhöndlaðrar mjólkur og mjólkurafurða. Í tilskipuninni er heimild til að framleiða mjólkurvörur úr ógerilsneyddri mjólk að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ákvæði 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar er athyglisvert en þar segir:

„Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á innlendar reglur sem gilda um milliliðalausa sölu framleiðenda til neytenda á hrámjólk sem fengin er úr hjörð sem opinberlega er staðfest að sé laus við berkla og öldusótt eða á mjólkurafurðum sem framleiddar eru á bújörð hans úr þessari hrámjólk, að því tilskildu að hreinlætisskilyrði á bújörðinni samræmist lágmarksheilbrigðisreglum sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um.“

Hér er um að ræða ákvæði sem veitir aðildarríkjum ESB heimild til að leyfa frumframleiðendum að selja milliliðalaust hrámjólk, eða afurðir unnar úr henni, að því tilskildu að hreinlætis- og öryggisaðstæður samræmist heilbrigðisreglum landsins.

Í ljósi heilbrigðisstöðu okkar má velja því fyrir sér hvort kanna skuli gaumgæfilega hvort breyta eigi þeim reglum sem í gildi eru. Þar af leiðandi þykir rétt að sérstaklega verði skoðaður möguleiki til sölu á ógerilsneyddri mjólk og afurðum unnum úr henni þegar einungis er um milliliðalausa sölu að ræða á milli mjólkurframleiðanda og neytanda, og þar sem ekki er um stórar einingar né formlegan verslunarrekstur að ræða. Að auki yrðu sett skilyrði fyrir merkingu vörunnar þannig að neytandinn væri ávallt upplýstur um hugsanlega hættu sem gæti hlotist af neyslu. Eðlilegt þykir að til þeirrar skoðunar væru m.a. fengnir sérfræðingar á sviði smitsjúkdóma til að framkvæma svokallað áhættumat *risk assessment*.

2.4 Kjötframleiðsla

Um frumframleiðslu á kjöti gilda ákvæði laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, og laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum.

Um slátrun búfjár er sérstaklega fjallað í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum. Nefndin fjallaði um slátrun gripa og hvort slaka ætti á kröfum um slátrun í löggiltum sláturhúsum. Í 15. gr. laga nr. 96/1997 segir að allar sláturafurðir sem fluttar eru á erlendan markað eða til sölu innanlands skulu metnar af kjötskoðunarlækni.

Hins vegar er heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 96/1997 til handa eigendum lögbýla að slátra búfé sínu á sjálfu býlinu til eigin neyslu. Þetta ákvæði hefur verið túlkað þröngt og rennir ekki stoðum undir það að heimila megi sölu á slíku kjöti.

Niðurstaða nefndarinnar er, að mikilvægt sé að teknu tilliti til dýraverndar og heilnæmi afurðanna að slátrun fari fram í löggiltu slátruhúsi. Þegar slátrun er lokið og skrokkurinn hefur farið í gegnum heilbrigðisskoðun er frumframleiðanda hins vegar heimilt lögum samkvæmt, að taka skrokkinn út úr slátruhúsinu að greiddum sláturkostnaði og fullvinna síðan heima að uppfylltum reglum um framleiðslu, vinnslu og dreifingu matvæla. Sömu ákvæði gilda um innmat, þ.e. að allur innmatur verður að fara í gegnum heilbrigðisskoðun í slátruhúsi.

2.5 Ýmsar afurðir

Til heimasöluafurða má nefna afurðir eins og unnar kjötafurðir, osta, reyktan lax, reyktan silung, krækling, söl, fjallagrös, sel, saftir, ávaxtamauk, ber og brodd. Mismunandi reglur gilda um meðferð og vinnslu á þessum afurðum, sem eðlilegt er vegna uppruna þeirra.

3. KAFLI

Lög og reglur í Evrópu þar með talin framkvæmd þeirra í Noregi.

Ísland og Noregur eru aðilar að EES- samningnum og samkvæmt honum ber ríkjunum að taka upp ákveðna löggjöf ESB sem snýr að matvælum. Hins vegar er Ísland með undanþágur hvað varðar lifandi dýr og frumframleiðslu afurða þeirra að undanskildu ákvæðum er varða fiskeldi og fiskeldisafurðir eins og áður var nefnt. Í reynd er staðan sú að Ísland hefur í flestum tilvikum tekið upp sambærilegar reglur hvað varðar ákveðna þætti til að greiða fyrir viðskiptum.

3.1 Þróun matvælalöggjafar í ESB

Þróun matvælalöggjafar í Evrópu hefur á síðustu árum verið í þá átt að setja ramma um fæðukeðjuna í heild, þ.e. „frá haga og hafi til maga“. Reglur sem einfalda og skýra áherslur um öryggi matvæla, neytendavernd, ábyrgð matvæla- og fóðurfyrirtækja og áherslur varðandi eftirlit og vísindastarf hafa flestar tekið gildi í ESB eða gera það á næstu mánuðum.

Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) hefur verið sett á laggirnar sem hluti af þessari þróun og er henni ætlað stórt hlutverk samkvæmt ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 178/2002/EB um almennar reglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla. EFSA hefur aðsetur á Ítalíu og er vefsetur stofnunarinnar er www.efsa.eu.int. Nýjar reglugerðir ESB um hollustuhætti *hygiene* og eftirlit *control* hafa verið birtar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og taka þær gildi frá og með 1. janúar 2006. Íslenskir sérfræðingar hafa í norrænu og evrópsku samstarfi fylgst með þróun löggjafarinnar. Óhjákvæmilegt er að ofangreind löggjöf muni hafa meiri eða minni áhrif á Íslandi á næstu árum. Hve miklar breytingar verða á helstu lögum og reglugerðum, sem taka á þessu sviði, er enn ekki ljóst.

Reglur ESB eru skýrar þegar kemur að leyfisveitingum og þar með kröfum til hollustuhátta við framleiðslu og dreifingu matvæla, en athygli vekur að ákveðið svigrúm er vegna sölu á litlu magni af frumframleiðsluvörum beint frá bónda til neytanda, þ.e. milliliðalaus viðskipti, þar sem neytandinn er meðvitaður um uppruna vörunnar. Hverju ríki er þó skylt að setja reglur sem gilda um þetta eins og segir í nýrri reglugerð ESB um hollustuhætti (sbr. hér að ofan). Hér er vert að nefna að inntak löggjafar ESB hvetur með beinum og óbeinum hætti til frumframleiðslu og framleiðslu matvæla sem eiga sér sögulega hefð og tengjast matarmenningu ákveðins landsvæðis. Áhættumat og öryggi neytenda er í hávegum haft þegar heildarhagsmunir eru metnir.

3.2 Noregur – dæmi um framkvæmd

Í Noregi eins og áður hefur komið fram, stunda bændur í vaxandi mæli sölu afurða beint frá búum sínum. Í ferð, sem hluti nefndarmanna fór til Noregs í byrjun desember 2004, komu fram upplýsingar um framkvæmd laga og reglna við frumframleiðslu, framleiðslu og dreifingu á slíkum vörum. Landbúnaðarráðherra Noregs hefur haft frumkvæði að verkefnum sem sett voru á laggirnar 1996 sem byggja á staðbundnum mat og heimasölu matvæla.

Verkefnin eru nokkurs konar aðgerðaráætlanir og eru í fyrsta lagi *Landbruk Pluss*, í öðru lagi *Matmerk*³ og í þriðja lagi stuðningur við smáframleiðendur. Sterk hefð er fyrir framleiðslu á heimatilbúnum afurðum í Noregi og þar hafa lítil byggðarlög tekið sig saman og myndað hagsmunasamtök um söluna og hefur útkoman í flestum byggðarlögum verið mjög jákvæð. Eitt af því sem Norðmenn eru að gera, er að útbúa leiðbeinandi reglur um það hvernig staðið skuli t.d. að frumframleiðslu, framleiðslu og sölu á heimatilbúnum afurðum. Landbruk Pluss verkefnið snýr m.a. að því að efla og styrkja þá bændur sem hafa áhuga á heimasölu og ýtir undir tækifæri í landbúnaði með betri samskiptaleiðum innan héraða, stýringu verkefna heima í héraði, auknum markaðsrannsóknnum, menntun, þekkingaröflun og einföldun á regluverkinu.

Þróunin í Noregi hefur á síðustu áratugum verið svipuð og á Íslandi þ.e. fólk hefur í auknum mæli flust frá dreifbýlustu svæðunum til borgarkjarnanna. Ástæður fyrir fækkun á landsbyggðinni eru margvíslegar en m.a. má nefna minni tekjumöguleika og fækkun starfa við landbúnað. Í Noregi var ákveðið að reyna að sporna við þessari þróun m.a. með því að finna nýja tekjulind fyrir bændur og möguleika til stækkunar m.a. með því að nýta þá auknu sókn neytenda í afurðir beint frá frumframleiðendum.

Bændur hafa sett upp markaði og selja afurðir sínar þar á grundvelli sérstakra leyfa sem þeir hafa til sölunnar. Leyfin ná til afurðasölu á ákveðnu fyrirfram skilgreindu svæði. Til að fá leyfi verður Mattilsynet⁴ að viðurkenna framleiðandann. Að baki leyfinu liggur reglubundið eftirlit með framleiðendum og eins verða framleiðendur að hafa innra eftirlit. 70% af kostnaðinum við eftirlitið er greiddur af framleiðandanum hinn hlutinn er greiddur af ríkisvaldinu. Þeir sem eru með minni framleiðslueiningar greiða hlutfallslega meira en þeir stærri. Norðmenn eru að kanna hvort hægt sé að einfalda eftirlitið og þannig að spara tilkostnað.

Allir þeir, sem selja afurðir sínar á bændamörkuðunum, verða að uppfylla skilyrði skattalaga og þ.m.t. ákvæða um virðisaukaskatt, sem er lagður á þessar vörur líkt og í almennti sölu.

Í Noregi er ógerilsneydd mjólk og afurðir unnar úr henni seld beint frá frumframleiðanda til neytanda í takmörkuðu magni, en slík mjólk er ekki seld í verslunum í byggðarlaginu eða til stærri viðskiptakeðja. Varan hefur ekki verið merkt á sérstakan hátt. Það kom fram að ákveðin ábyrgð á neyslunni þykir liggja hjá neytandanum. Ríkisvaldið hefur ekki lagt blessun sína yfir þessa sölu en veit þó af henni og viðurkennir að hún eigi sér stað. Hér mætti því segja að um viðskipti á gráu svæði sé að ræða.

³ Food Branding Foundation

⁴ Norwegian Food Safety Authority

Slátrun gripa í Noregi fer fram í tvenns konar sláturhúsum. Þau skiptast í sláturhús sem hafa heimild til sölu innanlands og síðan sláturhús sem hafa heimild til útflutnings. Bæði hafa lítil sláturhús og færanleg sláturhús fengið sérstaka viðurkenningu. Tækjabúnaður þessara sláturhúsa er oft á tíðum mun einfaldari og stenst ekki þær kröfur sem gerðar eru til sláturhúsa sem hafa heimild til útflutnings afurða. Norðmenn greindu frá því að í rauninni væri tvöfalt kerfi í gildi í Noregi við slátrun, annars vegar slátrun í sláturhúsum þar sem heimild til sölu afurða nær eingöngu til sölu innan Noregs og hins vegar slátrun í sláturhúsum sem hafa útflutningsheimild.

Í þeim sláturhúsum, sem ekki fá heimild til að slátra til útflutnings, er eftirliti kjötskoðunarlæknis þannig framfylgt að gripir eru skoðaðir fyrir slátrun og síðan eru skrokkarnir skoðaðir eftir að slátrun hefur farið fram til að tryggja heilnæmi afurðanna. Það er þó vert að taka það fram hér að frumframleiðandinn ber alltaf fulla ábyrgð á afurðinni sem framleidd er.

Sömu hreinlætisreglur hafa gilt í stórum og litlum sláturhúsum. Ný löggjöf frá ESB áðurnefndar hollustuhátta- og eftirlitsgerðir munu taka gildi 1. janúar 2006 í Noregi og þar kemur fram að öll sláturhús eigi að uppfylla sömu lágmarkskröfur en aðildarlönd megi setja sérstakar reglur um lítil sláturhús.

Merkingar afurðanna eru komnar nokkuð langt á veg í Noregi. Matmerk sér um þá vinnu og tekið hefur verið upp sérstakt merkingarkerfi samkvæmt skilgreindum gæða- og upprunakröfum. Er merkingum skipt upp í þrjú meginflokkar:

1. *God norsk*; vottar að varan er af norskum uppruna og sé framleidd í samræmi við norskar gæðakröfur.
2. *Spesialitet god norsk*; byggðir á grunni *God norsk* en að auki eru viðbótarkröfur þar sem vottað er að varan njóti ákveðinnar sérstöðu umfram aðrar norskar vörur af sömu gerð t.d. hvað varðar framleiðsluaðferðir, bragð eða magn – þetta hjálpar t.d. litlum frumframleiðendum og/eða framleiðendum sem geta verið í samstarfi með sína sérvörur fremur en í samkeppni við stóra framleiðendur.
3. *Protection of designations*; hér er um að ræða þrjú merki sem votta uppruna vörunnar:
 - a. *Geografisk betegnelse* er upprunavottorð sem staðfestir - vottar að varan sé framleidd á ákveðnu svæði.
 - b. *Opprinnelsesbetegnelse* vottar staðsetningu frumframleiðandans, framleiðslustaður skiptir meira máli í þessu en varan sjálf.
 - c. *Tradisjonelt særpreg* vottar að varan er framleidd samkvæmt gömlum hefðum.

Að auki kom fram að verið er að vinna að leiðbeinandi reglum um heimasölu afurða sem og frekari reglum um merkingu afurðanna með áherslu á að upplýsa neytendur um innihald og uppruna. Aðalmarkmið Norðmanna er þó ávallt að stuðla að framleiðslu heilnæmra matvæla frá haga og hafi til maga.

4. KAFLI

Framleiðslu- og sölusamningar bænda við ríkið.

4.1 Sala beint frá búunum

Búvörusamningar tengjast beinni sölu afurðanna. Um framleiðslu á mjólk, kjöti og gróðurhúsaafurðum og garðávöxtum gilda ákvæði laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og á grundvelli þeirra laga eru í gildi sérstakir samningar við mjólkurframleiðendur, sauðfjárbændur og í þriðja lagi við gróðurhúsabændur þar sem ríkið greiðir ákveðna upphæð, svokallaða beingreiðslu fyrir eign á gripum og/eða framleiðslu á afurðum.

4.2 Álit Landsambands kúabænda og formanns framkvæmdanefndar um sölu búvara

Ekki hefur verið gerð sérstök undanþága eða veitt heimild til bænda fyrir sölu á afurðum beint frá búum fyrir utan beingreiðslusamningana. Hins vegar er vert að kanna eins og bent er á í kafla 5, hvort ekki sé til staðar grundvöllur til að undanskilja hluta af framleiðslunni frá búvörusamningnum. Þá er vert að athuga sé það vilji bænda að heimila sölu utan hins stýrða framleiðslukerfis.

Nefndin leitaði í því sambandi álits Landssambands kúabænda (LK) er gefið hefur svofellt svar í bréfi sínu dags. 7. júní sl.:

„Stjórn LK er mjög áfram um heimasölu afurða úr hráefnum sem framleidd eru heima á búunum og seldar þar. Jafnframt er þó full ástæða til að hvetja til varfærni og að framleiðslu- og sölureglur verði mjög skýrar, m.a. þannig að framleiðanda verði ljós sú ábyrgð sem sala beint til neytenda er. Ennfremur leggur stjórn LK áherslu á að ef gefnar eru tilslakanir á kröfum til aðstöðu/vinnslu afurðanna, þá komi ekki til endursölu varanna.

Hvað snertir ofangreinda framleiðslu og gildandi samninga á millin bænda og ríkis, leggur stjórn LK áherslu á að hugsanleg vinnsla og sala afurða beint heima á búunum standi utan gildandi samnings, þ.e. skapi ekki rétt til opinbers stuðnings samkvæmt gildandi samningi og þeim samningi sem gilda mun frá 1. september 2005 til 31. ágúst 2012...”

Afstaða LK er skýr en væntanlega túlkar landbúnaðarráðherra í samráði við fjármálaráðherra aðstöðu hins samningsaðilans þ.e. ríkisins.

Ólafur Friðriksson skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu og formaður framkvæmdanefndar um sölu búvara kom á fund nefndarinnar þann 30. júní 2004. Hann greindi frá því að ekki hefði verið sérstaklega samið við bændur um að undanskilja hluta af framleiðslu mjólkur frá samningi við ríkið en kanna mætti í gerð næsta mjólkursamnings eða með því að gera viðbót eða breytingu á núgildandi samningi hvort vilji væri til þess af hálfu samningaáðila.

5. KAFLI

Samantekt og tillögur.

5.1 Samantekt

Það er álit nefndarinnar að heimavinnsla og sala afurða geti aukið fjölbreytni matvöruframboðs landbúnaðarins, og styrkt afkomu bændafólks, enda verði vel að verki staðið og vinnslan og salan í samræmi við grundvallarreglur um matvælaframleiðslu og dreifingu.

Mikil verðmætasköpun er fólgin í því að bændur fái að vinna sérafurðir áfram og selja þær sjálfir á búum sínum. Slíkt skapar virðisauka heima í héraði sem er mikilvægt fyrir byggðir þar sem atvinnutækifæri verða æ fábreyttari.

Það er ábyrgðarstarf að framleiða matvæli til sölu og neyslu. Gera verður kröfu um fagmennsku og kunnáttu. Grunnur að henni er menntun, fræðsla, ráðgjöf og rannsóknir í þágu þeirra sem leggja vilja stund á þessa framleiðslu. Kunnátta er undirstaða allra skynsamlegra verka og því sýnist ástæða til að huga sérstaklega að skipulegu samstarfsverkefni viðeigandi stofnana og bændasamtaka um þetta (fræðsluefni, endurmenntunarnámskeið, ráðgjafarstarf og rannsóknir á mikilvægustu sviðum). Hér er vert að benda á heimild ráðherra í lögum um matvæli til að setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið um meðferð matvæla þar sem sérstök áhersla er lögð á innra eftirlit og öryggi matvæla.

Í ljósi vaxandi umferðar erlendra gesta og alþjóðlegrar samsvörunar, er mikilvægt að geta boðið séríslenskar vörur úr sínu upprunalega umhverfi, rétt eins og aðrar þjóðir gera hvað þeirra sérafurðir snertir. Menningar- og sögulegt gildi búsafurða er mikils virði sem og viðhald, endurnýjun og nútímavæðing fyrri kunnáttu þjóðarinnar í matvælavinnslu og matvælagæð. Þetta getur hugsanlega verið þáttur í markaðssetningu ferðaþjónustubænda og/eða menningartengdrar ferðaþjónustu.

Alþjóðavæðing felst ekki aðeins í því að taka upp síði annarra þjóða heldur líka að sýna hver okkar menningararfur er og bjóða upp á staðbrigði þjóðfæðunnar, svo sem hákarl, hangikjöt, hrútspunga, skötu og svið. Hér gæti viðfangsefnið hugsanlega fallið að Food and Fun verkefni Áforms og Iceland Naturally.

Mikilvægt er að auka og skýra möguleika bænda á því að stunda heimasölu afurða. Hið fjölpætta hlutverk landbúnaðarins er ein af meginstöðum þess að búseta haldist í dreifðari byggðum landsins og þar er heimasala afurða mikilvægur hlekkur. Að auki er mikilvægt að sú þekking, sem til staðar er í gerð og neyslu þessara matvæla, vaxi og dafni og þau sóknarfæri sem til staðar eru í menningartengdri ferðaþjónustu séu nýtt.

Staðan í dag er að meginefni þannig, að bændur geta selt þessar vörur sínar beint frá búum sínum, svo fremi sem þeir uppfylla ákvæði laga um frumframleiðslu, framleiðslu og dreifingu matvæla og hafi til hennar tilskilin leyfi. Hins vegar um leið og bændum er auðveldað að selja afurðir sínar beint frá búunum þarf að tryggja að

neytendur beri ekki skarðan hlut frá borði hvað varðar öryggi afurðanna. Eðlilegt er þó að þeir beri ákveðna ábyrgð á eigin neyslu þegar um milliliðalaus sölu er að ræða.

Mikilvægt er að bændur kynni sér þær reglur sem í gildi eru á hverjum tíma um frumframleiðslu, framleiðslu og dreifingu matvæla. Þau skilyrði sem bændur verða að uppfylla í dag er að hafa starfsleyfi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga til sölu afurða bæði hvað varðar óunnar og fullunnar matvörur. Í raun er ekkert sem kemur í veg fyrir beina sölu heimaunninna afurða í dag en lög og reglur eru óþarflega flóknar. Þau skapa hindranir sem auðvelt á að vera að lagfæra án þess þó að öryggi matvælnanna sé stefnt í hættu.

5.2 Tillögur nefndarinnar

Til að greiða fyrir möguleikum bænda til að nýta sér í vaxandi mæli afurðir sínar í heimasölu leggur nefndin fram eftirfarandi tillögur sem beinast annars vegar að bændunum sjálfum og hins vegar að ríkisvaldinu.

Tillögur nefndarinnar eru settar fram með það í huga að gætt sé jafnræðis við framsetningu og útfærslu þeirra. Einnig ber að hafa í huga heildarhagsmuni er varða markaði og að ímynd íslenskra matvæla í hugum neytenda sé í hávegum höfð.

Tillögur nefndarinnar eru sem hér segir:

- a) **Að ferðaþjónustubændur og aðrir bændur, sem vilja nýta sér heimasölu búsafurða, efla með sér samtök til þess að skilgreina og fylgja eftir þeirri þörf sem hér virðist vera til staðar. Slíkt myndi auðvelda mótun og framkvæmd samræmdra reglna og einnig auðvelda neytendum viðbrögð við afurðunum (t.d. er varðar framleiðsluábyrgð, vörumerki ofl.).**
- b) **Að stjórnvöld og yfirumsjónaraðilar eftirlits flýti þeirri vinnu sem hafin er við að einfalda framkvæmd eftirlits með frumframleiðslu, framleiðslu og dreifingu matvæla þannig að margir aðilar séu ekki í eftirlitsferðum á sama staðinn.**
- c) **Að kannaður verði með áhættumati grundvöllur tilslökunar á kröfu um gerilsneyðingu mjólkur og mjólkurvara þegar um milliliðalaus sölu frá frumframleiðanda til neytanda er að ræða. Áhættumatið verði framkvæmt af viðeigandi stofnunum og/eða aðilum sem hafa til þess sérfræðipækkingu. Í þessu sambandi má líta til áðurnefndar tilskipunar ESB nr. 92/46/EEC. Verði tilslökun heimiluð er jafnframt afar mikilvægt að neytendur verði upplýstir um val sitt svo sem með greinargóðum merkingum á umræddum vörum.**
- d) **Að stjórnvöld við mótun reglna gæti eðlilegs samræmis heilbrigðis- og hollustukrafna á milli afurða að teknu tilliti til**

mismunandi (líffræði-, efnafræði- og örverufræðilegs) eðlis þeirra: kjöts og mjólkur, græn- og kornmetis, ávaxta, eggja, fiskjar og annarrar fæðu úr vötnum og sjó.

- e) Að samtökin sbr. tillögu a. gefi út handbók með öllum helstu upplýsingum varðandi lög og reglur sem í gildi eru. Til þess fái þau atbeina yfirumsjónar- og samræmingaraðila: embætti yfirdýralæknis og Umhverfisstofnunar, er geri grein fyrir því innan hvaða ramma starfsemi þessi er heimiluð og gefi ráð við gerð handbókarinnar.
- f) Að þeim aðilum sem vilja hefja heimavinnslu og sölu matvæla, verði gefinn kostur á tilhlýðilegum námskeiðum um viðfangsefnið. Kennslustofnanir í landbúnaði, Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli þjóna hér mikilvægu hlutverki. Endurmenntunarsamningur Bændasamtaka Íslands við menntastofnanir landbúnaðarins er eðlilegur farvegur gagnvart starfandi ferðaþjónustuaðilum með þátttöku eftirlitsstofnana.
- g) Að stjórnvöld og bændur leiti samninga um að ákveðinn hluti mjólkurframleiðslu verði heimilaður til nota í heimavinnslu. Þannig verði ákveðnum hluta mjólkurframleiðslunnar haldið fyrir utan búvörusamning milli ríkis og bænda. Í þessu sambandi er bent á þá framkvæmd sem tíðkast í Noregi.
- h) Að samtökin sbr. tillögu a. leiti eftir fjármunum til að standa straum af ráðgjöf og þekkingarmiðlun um viðfangsefnið, t.d. með 5 ára verkefni sem verði á ábyrgð Bændasamtaka Íslands og/eða landbúnaðar- og umhverfisráðuneyta. Bent er í þessu sambandi á fjármagn samkvæmt búnaðarlagasamningi.

Reykjavík, 30. janúar 2005.

Baldvin Valgarðsson
(sign)

Bjarni Guðmundsson
(sign)

Laufey Haraldsdóttir
(sign)

Marteinn Njálsson
(sign)

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir
formaður
(sign)

1. VIÐAUKI

SKILGREININGAR

Dreifing er hvers konar flutningur, framboð og afhending, þ.m.t. innflutningur, útflutningur og sala. Hér er einnig átt við geymslu og annað sem tengist dreifingu.

Frumframleiðsla varðar allt sem lýtur að ræktun, aðbúnaði og velferð dýra og plantna svo og veiði.

Framleiðsla er meðferð hráefnis, vinnsla, þökkun, matreiðsla og annað sem tengist framleiðslu, s.s. húsnæði, efni og hlutir sem geta komist í snertingu við matvæli, störf, hreinlæti og heilbrigði starfsfólks.

Hollustuhættir merkir allar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja öryggi og hollustu matvæla.

Innra eftirlit er eftirlit á vegum framleiðanda eða dreifanda í þeim tilgangi að tryggja gæði, öryggi og hollustu vörunnar.

GÁMES merkir "Greining áhættuþátta og mikilvægra eftirlitsstaða", á ensku HACCP (Hazard Analysis Critical Control Points):

áhættuþáttur er eðlis-, efna- eða örverufræðilegur þáttur í framleiðslu- eða dreifingarferli sem valdið getur heilsutjóni ef hann er ekki undir eftirliti;

mikilvægur eftirlitsstaður er sá staður eða þrep í framleiðslu- eða dreifingarferli þar sem hægt er að hafa eftirlit með áhættuþáttum.

Matvælafyrirtæki er hvert það fyrirtæki og hver sá aðili sem annast framleiðslu og dreifingu matvæla.

Matvæli eru hvers konar vörur sem ætlaðar eru mönnum til neyslu, þar með talið neysluvatn. Lyf og vörur sem falla undir lyfjalög, tóbak og vímuefni önnur en áfengi eru þó undanskilin.

Opinbert eftirlit er eftirlit á vegum stjórnvalda í þeim tilgangi að tryggja að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um matvæli og stuðla að fræðslu og upplýsingamiðlun.

2. VIÐAUKI YFIRLIT YFIR LÖG OG REGLUR

Lög og reglur.

Nefndin tók saman lista yfir helstu lög og reglur sem gilda um frumframleiðslu, framleiðslu, vinnslu og dreifingu á afurðum bænda. Þessi lög og reglugerðir eru á sviði landbúnaðarráðuneytisins og umhverfisráðuneytisins.

Landbúnaðarráðuneytið:

Lög nr. 102/2003 um búfjárhald, o.fl.

Lög nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Lög nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

Lög nr. 162/1994 um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

Lög nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Reglugerð nr. 461/2003 um slátrun og meðferð sláturafurða.

Reglugerð nr. 653/2001 um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk.

Reglugerð nr. 40/1999 um innra eftirlit í slátruhúsum og kjötpökkunarstöðvum þeirra.

Reglugerð nr. 438/2002 um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra.

Umhverfisráðuneytið:

Lög nr. 93/1995 um matvæli.

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla (matvælaeignareglugerð).

Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

Reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla (merkingareglugerð).

Reglugerð nr. 586/1993 um merkingu næringargildis matvæla.

Reglugerð nr. 919/2002 um mjólk og mjólkurvörur.

Reglugerð nr. 302/1998 um kjöt og kjötvörur.

Reglugerð nr. 537/1993 um efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli.

Reglugerð nr. 285/2002 um aukefni í matvælum.

Reglugerð nr. 656/2003 um aldinsultur og sambærilegar vörur.

Reglugerð nr. 577/2003 um ávaxtasafa og sambærilegar vörur.

Reglugerð nr. 366/2003 um sykur og sykurvörur.

Reglugerð nr. 288/2003 um hunang.

Eins kann að vera að viðkomandi fyrirtæki þurfi að taka tillit til reglugerða sem tengjast mengunar- og umhverfismálum og/eða hollustuháttum.

3. VIÐAUKI YFIRLITSMYND

Stjórnsýslustofnanir matvælaeftirlits á Íslandi.

Opinbert matvælaeftirlit á Íslandi fellur undir þrjú ráðuneyti og lýsir myndin hér að neðan nánar uppbyggingu þess:

